

Loftslagsstefna Fjölbautaskólans við Ármúla

Fjölbautaskólinn við Ármúla hefur að markmiði að vera í fararbroddi á sviði umhverfismála og leggur áherslu á að bæði daglegt líf innan skólans, og rekstur hans, verði með vistvænum hætti. Þáttur í þessu markmiði skólans er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en loftslagsbreytingar eru raunveruleg ógn sem mannkynið og komandi kynslóðir standa frammi fyrir. Fjölbautaskólinn við Ármúla telur mikilvægt að stofnanir leggi sitt af mörkum til þess að sporna við þessari þróun og að markmiðum Parísarsamningsins sé náð.

Fjölbautaskólinn við Ármúla er handhafi Grænánans og fylgir Grænum skrefum í ríkisrekstri og vinnur þar með markvisst að því draga úr umhverfisáhrifum stofnunarinnar og taka framförum á þessu sviði. Stór þáttur í því er að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfi stofnunarinnar.

Fjölbautaskólinn við Ármúla mun draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á ársverk um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019 og kolefnisjafna þá losun sem eftir stendur frá árinu 2021. Skólinn einsetur sér að reyna að takmarka vistspor stofnunarinnar eins mikið og unnt er miðað við þá starfsemi sem fram fer í skólanum. Loftslagsstefna Fjölbautaskólans við Ármúla nær til innkaupa, orkunotkunar, úrgangs sem fellur til við skólastarfið, samgangna starfsfólks og nemenda skólans í ferðum tengdu skólastarfi og umhverfisfræðslu. Hún nær til allrar starfsemi sem fer fram innan veggja skólans, bygginga og framkvæmda.

Loftslagsstefna skólans verður rýnd á hverju ári í þeim tilgangi að uppfæra markmið stefnunnar og tryggja að þau séu metnaðarfull og hægt sé að fylgja þeim eftir. Umhverfisfulltrúar skólans, í samstarfi við Sjálfbærnefnd skólans, taka það verkefni að sér en í Sjálfbærnefndinni eru stjórnendur, gæðastjóri, umhverfisfulltrúar, fulltrúar kennara, fulltrúar nemenda, starfsmaður af þjónustusviði og umsjónarmaður fasteigna.

Árið 2021 byrjaði Fjölbautaskólinn við Ármúla að halda grænt bókhald. Öll stefnumótun, endurskoðun og eftirfylgni loftslagsstefnunnar verður gerð í samræmi við niðurstöður græna bókhaldsins í framtíðinni. Upplýsingum um árangur aðgerða verður miðlað á heimasíðu skólans þegar þær liggja fyrir.

Yfirmarkmið

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur verið leiðandi í umhverfisstarfi framhaldsskóla um árabíl og sá framhaldsskóli sem oftast hefur hlotið Grænfánann. Stefnt er að því að skólinn verði áfram til fyrirmyndar á því sviði. Stærstu þættirnir í kolefnislosun skólans eru úrgangur, orkunotkun og samgöngur. Þar sem stefnt er að því að draga úr losun GHG um 40% fyrir árið 2030 hefur skólinn sett sér eftirfarandi undirmarkmið, sem verða endurskoðuð árlega:

Undirmarkmið

Úrgangur: Stærsti losunarpáttur á GHG hjá FÁ er sorpið. Skólinn setur sér það markmið að draga verulega úr magni óflokkaðs úrgangs til urðunar sem fellur til við skólastarfið, eða um 40% fyrir árið miðað við árið 2019 fyrir árið 2030, og minnka þar með losun gróðurhúsalofttegunda. Þá verður lögð áhersla á úrgangsförvarnir og eftirfylgni þeirra. Stefnt er að því að lækka magn úrgangs, bæði óflokkaðs og endurnýjanlegs, um 6% fyrir apríl 2022 eða úr 46% niður í 40% fyrir óflokkaðan úrgang til urðunar og úr 60% niður í 54% fyrir endurnýjanlegan úrgang.

Liður í þessu er að sporna gegn matarsóun. Hún verður mæld á haustönn, bæði fyrir og eftir átak þar að lútandi.

Orkunotkun: öflug umhverfisfræðsla er innan skólans, bæði til nemenda og starfsmanna, auk þess sem lögð er áhersla á orkusparnað og umhverfisvæn innkaup í þeim tilgangi að skólinn leggi sitt af mörkum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins. Stefnt er að því að draga úr losun vegna orkunotkunar um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019. Skólinn setur sér það markmið að minnka heitavatsnotkun og rafmagnsnotkun um 5% fyrir apríl 2022, t.d. með átaki til að gera fólk meðvitaðra um mikilvægi þess að láta ekki vatn renna að óþörfu, ekki hækka miðstöðvarofna upp úr öllu valdi og slökkva ljós þegar herbergi eru yfirgefin þar sem ljósskynjarar eru ekki til staðar.

Samgöngur: Fjölbrautaskólinn við Ármúla hvetur starfsmenn skólans til að nýta sér vistvæna samgöngumáta og stendur starfsmönnum til boða að sækja um samgöngustyrk. Stefnt er að því að auka hlutfall þeirra starfsmanna sem nýta sér samgöngusamning um 20% fyrir 2025. Til að ná því markmiði er mögulega hægt að hækka upphæðina á samgöngustyrknum og dreifa á tvær annir.

Á lóð skólans eru fjórar hleðslustöðvar fyrir rafbíla. Í skólanum er góð aðstaða fyrir hjólafélk, bæði til að geyma reiðhjól en einnig er aðstaða til að gera við hjól en skólinn er með gullvottun hjá Hjólavottun vinnustaða. Þá stendur bæði nemendum og kennurum til boða að fá afnot af rafhjóli ef þeir þurfa að erindast á skólatíma. Einnig fá þeir nemendur og kennara strætómiða þegar farið er í vettvangsferðir. Þá er áfanginn „Hjólað í skólann“ þar sem nemendur geta fengið einingar fyrir það að koma á reiðhjóli í skólann og einnig fyrir að koma fótgangandi.

Kolefnisjöfnun: Skólinn stefnir að því að kolefnisjafna þá losun sem eftir stendur í samvinnu við trausta aðila á því sviði.

Kennsla: Á haustönn 2021 verður umhverfisfræði færð upp á 2. þrep og sett í kjarna í dagskálanum en fram að þessu hefur áfanginn verið kenndur á 1. þrepi og verið valfrjáls. Í áfanganum læra nemendur umhverfisfræði á breiðum grunni og meðal annars um loftslagsbreytingar og aðgerðir til að sporna við þeim. Einnig er stefnt er að því að fjölga nemendum í umhverfisráði skólans um 30% á komandi skólaári og að hafa átak fyrir áfangann „Hjólað í skólann“ og reyna að fjölga nemendum sem eru skráðir í hann miðað við fyrra skólaár um a.m.k. 5 nemendur.